



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Samkeppniseftirlitið
Matthías Davíðsson
Borgartúni 26
Pósthólf 5120
125 Reykjavík

Samkeppniseftirlitið			
Málsnr.	2008007	Ábim.	HD
Ensl.	23.4.4	Áfvar.	
Mott.	1.10.2020	Þekkt.	✓
Stofn.		Þakkað.	

Reykjavík 25. september 2020

Tilv.: MMR20080178/14.4.6-

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur borist erindi frá Samkeppniseftirlitinu, dags. 28. ágúst 2020, þar sem gerð er grein fyrir kvörtun Félags atvinnurekenda (FA) um ætluð brot Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Tækniskólans á 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna sértækra námsúrræða sumar 2020, auk þess sem athugasemdir eru gerðar við starfsemi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Í erindinu er óskað eftir umsögn ráðuneytisins með vísan til 19. gr. samkeppnislaga.

Af framangreindu tilefni skal tekið fram að í ljósi sjálfstæðis opinberra háskóla skv. 1. mgr. 3. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og með tilliti til takmarkana á yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðuneytisins skv. 2. másl. 2. mgr. 13. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 er ráðuneytið ekki til fyrirsvars vegna umræddra ætlaðra brota Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri á 14. gr. samkeppnislaga. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að bæði Háskólinn í Reykjavík og Tækniskólinn eru reknir sem einkahlutafélög og svarar ráðuneytið því ekki fyrir ætluð brot þeirra skóla.

Um framkvæmd sértækra námsúrræða sumar 2020 í framhaldsskólum og háskólum upplýsir ráðuneyti fúslega eftirfarandi.

1. *Markmið íslenskra stjórnvalda með sértækum námsúrræðum í háskólum sumar 2020*

Í þingmáli 724 á 150. löggjafarþingi, frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra til fjárukalaga 2020 II voru lagðar til breytingar á fjárlögum með hækkun fjárheimilda til málefna sviða 20 Framhaldsskólastigs og 21 Háskólastigs, um 300 millj. kr. til sumarnáms í framhaldsskólum og 500 millj. kr. til sumarnáms í háskólum. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að fjárukalögum nr. 36/2020 kom fram að markmið stjórnvalda með hækkun fjárheimilda væri að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks. Að auki væri fyrirséð að hefðbundin sumarstörf nemenda í háskólum yrðu af skornum skammti í sumar. Að mati stjórnvalda væri mikilvægt að bregðast við þessum tímabundna vanda með sérstökum námsúrræðum sumarið 2020.

Í frumvarpinu kom fram að í framhaldsskólum yrði boðið upp á stað-, dreif- og fjarnám sem nýttist til áframhaldandi náms. Námið væri ýmist skipulagt sem nokkurra vikna námskeið í staðnámi eða fjar-/dreifnámi sem næði yfir mestallt sumarið. Um væri að ræða annars vegar kynningaráfanga um nýsköpun, tækni og listir og hins vegar áfanga sem væru hluti af námsbrautum skólanna. Jafnframt yrði boðið upp á stuttar starfsnámsleiðir. Til að koma til móts við starfsnámsnemendur á

námssamningum yrðu tilraunaverkefni um starfsþjálfun fyrir nemendur sem ekki kæmst að hjá fyrirtækjum. Nám á sumarönn í framhaldsskólum væri bæði sniðið fyrir nemendur og einstaklinga á atvinnuleysisbótum.

Markhópur sérstakra námsúrræða á háskólastigi sumarið 2020 voru nemendur sem ljúka námi úr framhaldsskóla á vorönn og vildu sækja undirbúningsnám fyrir háskólanám, aðrir framtíðar háskólanemar, núverandi háskólanemar, sem og einstaklingar sem vildu styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færnibil eða skipta um starfsvettvang. Með samþykkt fjárukalaga nr. 36/2020 var hækkuð fjárheimild fjárlaga 2020 til málefnasviðs 20 Framhaldsskólastigs, um 300 millj. kr. og 21 Háskólastigs, um 800 millj. kr. Þar af voru 500 millj. kr. ætlaðar til sumarnáms í háskólum.

2. *Starfsemi framhaldsskóla og háskóla er almannaþjónusta sem er ekki af efnahagslegum toga*

Eitt af skilgreiningaratriðum almannaðjónustu er að hinu opinbera er játað ákveðið svigrúm til að ákveða fyrirkomulag opinberrar þjónustu til að tryggja gæði og aðgengi að henni, viðráðanlegt verð og réttindi notenda, sbr. 2. mgr. 92. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Lagt er til grundvallar að starfsemi framhaldsskóla og háskóla, þar á meðal umrædd námsúrræði, falli undir almannaðjónustu sem er ekki af efnahagslegum toga og að fjárveitingar til þeirra geti þannig ekki falið í sér atvinnustarfsemi á samkeppnisviði. Að sama skapi fellur starfsemi framhaldsskóla og háskóla utan gildissviðs laga um opinber innkaup og laga um þjónustukaup á innri markaði EES-svæðisins. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort hin opinbera þjónusta er veitt af hálfu ríkisaðila eða einkaaðila sem hefur hlotið gæðavottun stjórnvalda og fjárframlag til að sinna opinberri þjónustu, enda beri ríkissjóður stærstan hluta kostnaðar við að veita þjónustuna. Eins og hér háttar til kemur stærstur hluti kostnaðar við kennslu í framhaldsskólum og háskólum úr ríkissjóði og skrásetningar-, skóla- og efnisgjöld nemenda standa aðeins undir litlum hluta af kostnaði við þjónustu skólanna, sem á jafnt við um opinbera og einkarekna framhaldsskóla og háskóla, sbr. sjónarmið sem koma fram í dómi EFTA dómstólsins frá 21. febrúar 2008 in málinu E-5/07 Private Barnehagers Landsforbund gegn Eftirlitsstofnun EFTA, EFTA dómaskrá [2008] bls. 62, mgr. 83.

Kvörtun FA byggist á ákveðnum misskilningi um eðli sértækra námsúrræða í framhaldsskólum og háskólum sumarið 2020. FA telur að námskeiðunum hafi aðallega verið beint að almenningi og falið í sér mikinn afslátt af námskeiðsgjöldum hjá endurmenntunardeildum háskólanna. Raunin er þó önnur því 80% nemenda sértækra námsúrræða sumar 2020 í framhaldsskólum og háskólum voru innritaðir í einingabært nám (F-einingar/ECTS-einingar). 20% nemenda voru innritaðir í nám sem var opið almenningi án eininga sem kann að nýtast til frekara náms á framhaldsskóla- og háskólastigi. Að mati FA er opinberum háskólum óheimilt að bjóða upp á námskeið fyrir almenning og er sú niðurstaða byggð á gagnályktun frá 23. gr. a í lögum nr. 85/2008 um endurmenntun háskólamanna með vísan til lögmætisreglu stjórnsýslulaga. Í 3. gr laga um opinbera háskóla, nr.85/2008, er hins vegar tekið fram að opinberir háskólar miðli fræðslu til almennings og veiti þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Opinberum háskóla er enn fremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans. Opinberir háskólar njóta framlaga í samræmi við fjárheimildir í fjárlögum og er að auki heimilt að afla sértekna með skrásetningargjaldi að fjárhæð 75 þús. kr. fyrir hvern ársnema, auk þjónustugjalda fyrir endurmenntun háskólamanna og fræðslu fyrir almenning, sbr. 24. gr. laga um opinbera háskóla. Um endurmenntun er fjallað sérstaklega í 23. gr. a. í lögnum. Eins og fyrr segir fellur starfsemi framhaldsskóla og háskóla utan gildissviðs laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þar sem um er að ræða almannaðjónustu á sviði menntamála sem er ekki af efnahagslegum toga, sbr. 2. mgr. 92. gr. laga um opinber innkaup. Þá fellur starfsemi framhaldsskóla og háskóla af sömu ástæðu utan gildissviðs laga um þjónustuviðskipti á innri markaði EES-svæðisins, sbr. 2. gr. laga nr. 76/2011. Í samræmi við 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 ber framhaldsskólum og háskólum þó að halda samkeppnisrekstri aðskildum frá almannaðjónustu eins og rakið er í kvörtun FA.

3. *Lagaleg staða og hlutverk framhaldsskóla*

Samkvæmt 2. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi, búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Yfirstjórn framhaldsskóla er á hendi ráðherra sbr. 3. gr. laganna. Opinberir framhaldsskólar eru ríkisstofnanir sem heyra undir ráðherra, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Einkareknir framhaldsskólar eru þeir sem hafa hlotið viðurkenningu skv. 12. gr. laganna.

4. *Lagaleg staða og hlutverk háskóla*

Framkvæmd sértækra námsúrræða sumar 2020 í háskólum 2020 tók mið af fræðilegu sjálfstæði háskóla skv. 2. gr. laga um háskóla nr. 6/2006 og 21. gr. sömu laga. Í 2. gr. laga um háskóla, nr.63/2006, kemur fram að háskóli sé sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknnum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Þá kemur einnig fram í sömu grein að háskólar mennti nemendur með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknnum og búi þá undir að gegna störfum sem krefjast fræðilegra vinnubragða, þekkingar og færni. Jafnframt, að háskóli undirbúi nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Loks er tekið fram að háskólar ráði skipulagi starfsemi sinnar og ákveði hvernig henni er best fyrir komið. Frekar er kveðið á um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna háskóla í grein 2. gr. a sömu laga. Þar kemur fram að háskólum sé skylt að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Fræðilegt sjálfstæði dregur ekki úr ábyrgð starfsmanna á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum viðkomandi háskóla. Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé.

Samkvæmt 23. gr. a í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er opinberum háskóla heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum sem viðurkenning hans tekur til, sbr. 3. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. Með hugtakinu endurmenntun er átt við námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess og viðbótarnám fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu skv. 22. gr. laga nr. 85/2008.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands starfar á grundvelli reglna um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands nr. 844/2001, með áorðnum breytingum. Stofnunin er fræðslu-, þróunar- og þjónustustofnun starfrækt af Háskóla Íslands og lýtur yfirstjórn háskólaráðs Háskóla Íslands, sbr. 1. gr. reglna nr. 844/2001. Markmið Endurmenntunarstofnunarinnar er að veita háskólamenntuðu fólki og almenningi fjölbreytt tækifæri til sí- og endurmenntunar, sbr. 2. gr. reglna nr. 844/2001. Hlutverk stofnunarinnar er að þróa og halda námskeið fyrir háskólamenntað fólk á þeirra fagsviði og á þverfaglegum grunni í samstarfi við deildir Háskóla Íslands, sbr. 3. gr. reglnanna. Reikningshald Endurmenntunarstofnunarinnar er hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands. Verð og þátttökugjald í námskeiðum á vegum stofnunarinnar tekur mið af kostnaði við slík námskeið. Ef veitt er þjónusta í samkeppni við einkaaðila er henni haldið fjárhagslega aðskilinni frá öðrum rekstri í samræmi við 14. gr. samkeppnislaga, sbr. 8. gr. reglna nr. 844/2001.

5. *Úthlutun framlaga til sértækra námsúrræða sumar 2020 í framhaldsskólum*

Framkvæmd sértækra námsúrræða sumar 2020 í framhaldsskólum grundvallaðist á almennum fjárveitingum til framhaldsskóla í samræmi við 43. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 af málefna- og vísindasviði 21 Framhaldsskólastig í fjárlögum 2020, sbr. auglýsingu um skiptingu fjárheimilda í

fjárlögum 2020 nr. 1379/2019 og fyrrgreindum fjárukaalögum nr. 36/2020 á grundvelli reiknilíkans fyrir rekstur framhaldsskóla. Heimild til samningsgerðar við einkarekna framhaldsskóla um framlög af fjárlögum til kennslu byggist á 43. gr. laganna. Fjárveitingar til opinberra framhaldsskóla eru staðfestar með svonefndu fjárveitingabréfi. Í lok apríl óskaði ráðuneytið eftir því við alla framhaldsskóla að þeir skiluðu inn umsóknum um framlög til sértækra námsúrræða sumarið 2020. Óskað var eftir umsóknum til þess að bjóða nemendum sértæk námsúrræði sumarið 2020, s.s. sérsniðna verklega kynningaráfanga, áfanga fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og aðra áfanga. Markhópurinn var nemendur í framhaldsskólum, nýútskrifaðir nemendur úr grunnskólum, einstaklingar sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færniþil eða skipta um starfsveitvang. Fjórtán framhaldsskólar og viðurkenndir einkaskólar, sem bjóða upp á framhaldsskólanám samkvæmt samningi við ráðuneytið, skiluðu inn umsóknum um námstilboð sem allt var skipulagt til framhaldsskólalæininga. Í umsóknunum voru tillögur um námsframboð 85 áfanga í listnámi, starfsnámi og bóknámi. Markmiðið var að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks. Að auki var fyrirséð að hefðbundin sumarstörf nemenda í framhaldsskólum yrðu af skornum skammti í sumar. Skólarnir gátu boðið upp á námið sem staðnám, fjarnám eða blöndu af því og skipulagt til eininga þannig að þriggja daga vinna nemenda jafngilti einni einingu. Námsstilboðin skyldu falla að lýsingum 1 -3. 1. Sérsniðnir verklegir kynningaráfangar. Markmiðið var annars vegar að kynna starfs- og tækninám og hins vegar nýsköpun, sjálfbærni og listir. Sérstök áhersla var lögð á starfsnám sem eftirspurn er eftir á vinnumarkaði. 2. Sérsniðnir kynningar- og íslenskuáfangar fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Markmiðið var að styrkja færni nemenda í íslensku um leið og unnið er með áhugaverð verkefni tengd áhugasviði þeirra. Námið getur einnig tengst öðru námi s.s. kynningaráföngum í lið 1. 3. Aðrir áfangar sem henta markhópunum.

Hvatt var til samstarfs milli framhaldsskóla, atvinnulífs og símenntunarmiðstöðva við gerð námstilboða. Miðað var við að sumarnám væri í boði á tímabilinu 1. júní til 15. ágúst. Við val á einstökum námstilboðum var horft til menntastefnu mennta- og menningarmálaráðherra og samkomulags undir kjörorðinu **Fyrir mig**, sem ráðherra, Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu um markvissar aðgerðir í þeim tilgangi að fjölga starfs- og tæknimenntuðum.

Námið var nemendum að kostnaðarlausu, nema hvað varðar efniskostnað og þá greiddu nemendur innritunargjald sem þeir gátu fengið endurgreitt ef þeir luku náminu. Við útgáfu styrktarbréfanna voru greidd 35% af styrkjárhæð til skólanna. Í bréfunum var síðan tekið fram að eftirstöðvar eða 65% styrksins greiðast þegar mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur borist greinargerð um verkefnið sem felur í sér staðfestingu á kennslu áfanga, einingarfjölda, þátttökufjölda, hve margir voru innritaðir í hvern áfanga, hve margir luku námi, aldur, kyn og menntunarstig. Jafnframt skyldi fylgja fjárhagsuppgjör.

6. Úthlutun framlags til sértækra námsúrræða sumar 2020 í háskólum

Heimilt er að gera samninga um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hafa hlotið viðurkenningu ráðherra skv. 3. gr. laga um háskóla, sbr. 21. gr. laga um háskóla. Slíkir samningar eru skilyrði fyrir veitingu framlaga til viðkomandi háskóla. Framlög eru ákveðin í samræmi við reglur um reikniflokka náms, sbr. 22. gr. laganna. Mennta- og menningarmálaráðuneyti heldur utan um veitingu framlaga til námsins og uppgjör auk þess að kalla eftir tölulegum upplýsingum til eftirlits og mats á gagnsemi sértækra námsúrræða. Í kynningarbréfi aðgerðanna kom fram að sértæk námsúrræði gætu verið af margvíslegum toga t.a.m. kynning á háskólanámi fyrir framtíðarnemendur, undirbúningsnámskeið fyrir nemendur sem eru að hefja háskólanám haustið 2020, heildstæðir námsáfangar í tilteknum námsgreinum (sem teljast til skólaársins 2019-20), stuttar hagnýtar námsleiðir á grunn- og meistarastigi, endurmenntun fyrir fagaðila eða þverfaglegt nám fyrir almenning. Í lok apríl óskaði ráðuneytið eftir því við alla háskóla að þeir skiluðu inn umsóknum um framlög til sértækra námsúrræða sumarið 2020. Allir háskólar brugðust vel við erindi ráðuneytisins og skiluðu inn umsóknum. Sértæk námsúrræði á háskólastigi voru flest einingabær eða nýttust til styttingar náms viðkomandi nemenda. Lágmarksfjöldi nemenda á hverju námskeiði skyldi ekki vera færri en 10. Gert var ráð fyrir að skólar nýttu jöfnurn höndum kennsluhúsnæði fyrir staðnám og

rafræna kennsluhætti, þannig að námsframboð gæti nýst nemendum á landinu öllu. Tillögur háskóla að sértækum námsúrræðum sumar 2020 voru ríflega 200 námsleiðir á öllum fagsviðum sem mæta mismunandi markhópum með fjölbreyttum hætti. Við skiptingu 500 millj. kr. framlags til háskóla vegna sértækra námsúrræða í háskólum var m.a. tekið tilliti til skiptingu fjárheimilda á málefnasviði 21 Háskólastig og reikniflokka náms í fjárveitingar til einstakra skóla. Í uppgjöri við skólanna vegna sumarnáms er greitt fyrir þreyttar ECTS einingar nemenda eða önnur sambærileg námslok. Háskólarnir forgangsroðuðu námsframboði sínu miðað við viðurkennd fræðasvið, að teknu tilliti til skilyrða sem fylgja fjárveitingu til sértækra námsúrræða og eftirspurn. Horft var sérstaklega til menntastefnu stjórnvalda eins og hún birtist í fjármálaáætlun og þeirra markmiða sem tilgreind voru í kynningarbréfi aðgerðanna. Sumarnám skyldi fara fram á tímabilinu 25. maí til 15. ágúst og gat lengd einstakra námskeiða verið frá einni viku og upp í tíu vikur. Almennt var gert ráð fyrir að einvörðungu væri innheimt skráningargjöld af nemendum að hámarki kr. 3.000,- fyrir hvert námskeið til að gera efnalítlum nemendum kost á að sækja námskeiðin. Samhliða tilkynnti stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna um breytta námsframvinduskilmála fyrir sumarlánnum sem fólu í sér fækkun á lágmarkseiningafjölda úr 15 ECTS einingum í eina ECTS einingu.

Nemendur sem voru þegar innritaðir í nám í háskólum á vorönn 2020 greiddu ekki skrásetningargjald vegna sumarnáms í sama skóla. Undantekningar voru ef efniskostnaður var umtalsverður þ.e. kostnaður umfram kennslu og kennslubúnað. Um innheimtu skráningar- og efnisgjalda fyrir einstök námskeið var fjallað í styrktarbréfum og samningum um verkefnið við einstaka háskóla. Í styrktarbréfum og samningum við háskóla um framkvæmd verkefnisins var kveðið er um framlög og skilyrði uppgjors. Miðað var við að háskólar skiluðu inn upplýsingum um þátttakendur, kyn, aldur, búsetu þeirra, námsmat og fjölda þátttakenda sem uppfylla kröfur um námsframvindu, námslok og fl. Í framhaldi af sendingu styrktarbréfa og undirritun samninga um framkvæmd verkefnisins voru greidd 50% kennslukostnaðar og 50% í kjölfar fullnægjandi uppgjörsskila samkvæmt ákvæðum styrktarbréfs eða samnings.

Athugasemdir frá Háskóla Íslands

Ráðuneytinu bærust athugasemdir frá Háskóla Íslands vegna kvörtunar FA og eru þær svohljóðandi.

Í kvörtun FA er því haldið fram að stórum hluta fjárveitingar til sérstakra námsúrræða í háskólum sumarið 2020 hafi verið varið í rekstrarkostnað endurmenntunarmiðstöðva háskólanna sem séu í beinni samkeppni við einkarekna fræðsluáðila. Enn fremur heldi FA því fram að mörg námskeið í boði í háskólum hafi verið opin almenningi og ekki sérstaklega undirbúin fyrir háskólamenntað fólk sem stríði gegn 23 gr. a í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Við þessar málsástæður FA gerir Háskóli Íslands eftirfarandi athugasemdir. Í fyrsta lagi hafi Háskóli Íslands fengið fjárveitingu að fjárhæð 125 millj. kr. vegna sértækra námsúrræða sumar 2020, auk annarra 125 millj. kr. sem greiða átti við afhendingu lokaskýrslu um verkefnið. Þar af hafi Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands verið úthlutað 11.250 þús. kr. og jafnhárra greiðslu við skil fyrrnefndrar lokaskýrslu. Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands hafi boðið upp á 35 námskeið, þar af tvö ECTS einingabær námskeið sem hafi samanlagt kostað 5 millj. kr. af heildarupphæðinni. Að auki hafi Endurmenntunarstofnun boðið upp á þrjú undirbúningsnámskeið fyrir háskólanám fyrir verðandi háskólanema fyrir 4,5 millj. kr. af heildarupphæðinni. Fyrir utan þessi námskeið hafi Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands aðeins fengið 13 millj. kr. fyrir önnur námskeið sem samsvari 5,2% af aukafjárveitingu vegna sumarnáms til Háskóla Íslands. Af þessum sökum röng sú fullyrðing FA um að stórum hluta fjárveitingar til Háskóla Íslands hafi verið varið til endurmenntunarnámskeiða. Í öðru lagi kemur fram í athugasemdum Háskóla Íslands að í 1. mgr. 3. gr. laga um opinbera háskólanám sé kveðið á um að eitt af hlutverkum háskólastofnana sé að miðla þekkingu til almennings. Háskóli Íslands vísar til athugasemda í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 50/2010 um að breytingar á 3. gr. laga um opinbera háskóla hafi miðað að því að styrkja hlutverk háskólastofnana til að þjóna samfélaginu í krafti þekkingar innan slíkra stofnana. Að auki, komi fram í athugasemdum með sama frumvarpi um breytingar á 3 gr. laganna þar sem áhersla sé lögð á muninn á því að bjóða upp á endurmenntun fyrir háskólamenntaða og miðla þekkingu til almennings. Þess

vegna leggi Háskóli Íslands áherslu á lögbundið hlutverk opinberra háskóla að miðla fræðslu til almennings. Í þriðja lagi fullyrði FA að fjárframlög úr ríkissjóði séu ekki aðskilin samkeppnisstarfsemi háskólanna og brjóti því í bága við 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem kveði á um fjárhagslegan aðskilnað í slíkum rekstri. Háskóli Íslands tekur fram að þetta sé rangt, enda sé Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands með sjálfstætt bókhald og alger fjárhagslegur aðskilnaður sé á milli fjárhags stofnunarinnar og fjárframlaga til Háskóla Íslands úr ríkissjóði.

Athugasemdir frá Háskólanum á Akureyri

Ráðuneytinu bárust athugasemdir frá Háskólanum á Akureyri vegna kvörtunar FA og eru þær svohljóðandi.

Í athugasemdum Háskólans á Akureyri kemur fram að af 29 námskeiðum sem boðið var upp á sem hluti af sértækum námsúrræðum sumar 2020 hafi 13 námskeið verið ECTS-einingabær og aðeins eitt námskeið hafi ekki verið beinum hætti ætlað innrituðum nemendum Háskólans á Akureyri eða framtíðarnemendum háskólans. Umrætt námskeið gæti tengst öðru námi eins og sálfræði og kennslufræði í ípróttakennslu. Rekstur Símenntunar Háskólans á Akureyri sé aðskilinn með sérstöku viðfangi innan rekstrar Háskólans á Akureyri og algerum bókhaldslegum aðskilnaði sem feli að Símenntun greiði fyrir aðstöðu, þrif og þjónustu. Engin fjárveiting á fjárlögum vegna kennslu og rannsókna á háskólastigi fari til Símenntunar Háskólans á Akureyri eins og ýjað sé að í kvörtun FA. Rekstur Símenntunar Háskólans á Akureyri sé sjálfbær.

Samantekt

Samkvæmt framansögðu var hækkun fjárheimilda vegna sértækra námsúrræða sumar 2020 skv. fjárukalögum nr. 36/2020 til málefnasviða 20 Framhaldsskólastigs og 21 Háskólastig ráðstafað til viðbótarfjárveitinga til opinberra framhaldsskóla, viðurkenndra einkarekinna framhaldsskóla og viðurkenndra háskóla sem buðu upp á námskeið fyrir framhaldsskólanema, framtíðar háskólanemendur, verðandi háskólanemendur, núverandi háskólanemar, atvinnuleitendur, fólk sem styrkja stöðu sína á vinnumarkaði eða brúa farnibíl. Í boði voru einstök námskeið í framhaldsskólum og háskólum, heildstæðir námsáfangar í tilteknum námsgreinum (sem teljast til skólaársins 2019-20), stuttar hagnýtar námsleiðir á grunn- og meistarastigi í háskólum, endurmenntun fyrir fagaðila eða þverfaglegt nám fyrir almenning, þ.m.t. starfsmenntanám við Landbúnaðarháskóla Íslands. Fyrir núverandi nemendur í framhaldsskólum, útskrifaða framhaldsskólanema og háskólanema var horft til þess að námskeiðin gætu komið bætt úr ófullkomnum undirbúningi nemenda vegna lokunar skóla og takmarkana á skólastarfi á vorönn 2020 sökum farsóttar og flýtt fyrir námi annarra nemenda sem ella hefðu getað gengið að sumarstörfum eins og fyrr segir í athugasemdum við það frumvarp sem varð að fjárukalögum 2020 nr. 36/2020. Stærstur hluti námskeiða í framhaldsskólum og háskólum sem voru hluti af sértækum námsúrræðum stjórnvalda sumar 2020 voru einingabær, þ.e. gátu nýst með beinum hætti á námsbrautum viðkomandi nemenda eða til frekara náms. Að baki kvörtun FA eru félagsmenn í samtökunum sem bjóða upp á styttri og lengri námsleiðir á almennum fræðslumarkaði. Enginn þessara aðila hefur hlotið viðurkenningu skv. 12. gr. laga um framhaldsskóla eða 3. gr. laga um háskóla og geta þar af leiðandi ekki boðið framhaldsskóla- og háskólanemum upp á einingabært nám. Af þessum sökum var stjórnvöldum ekki heimilt að fela þeim framkvæmd sértækra námsúrræða sumar 2020 sem voru fjármögnuð af málefnasviði 20 Framhaldsskólastig og 21 Háskólastig í fjárlögum. Þá hefur verið bent á að starfsemi framhaldsskóla og háskóla fellur undir skilgreiningu almannaþjónustu sem er ekki af efnahagslegum toga, sbr. 2. mgr. 92. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og að fjárveitingar til slíkra skóla falli því ekki undir atvinnustarfsemi á samkeppnisviði.

Á hinn bóginn hefur verið bent á að með 2 milljarða kr. viðbótarfjárheimild til málefnasviðs 30 Vinnumál og atvinnuleysi skv. fjárukalögum nr. 36/2020 vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs er stefnt að átaki í náms- og starfsúrræðum fyrir langtíma atvinnuleitendur. Gera má ráð fyrir að Vinnumálastofnun muni óska eftir samstarfi við umbjóðendur FA um kaup á ýmsum námskeiðum og

styttri námsleiðum fyrir bótaþega þannig að þeim gefist færi á að stunda nám samhliða bótagreiðslum. Þá hafa stjórnvöld efnt til átaxsins *Nám er tækifæri* sem mun einnig stuðla að eftirspurn eftir námskeiðum fyrir langtíma atvinnuleitendur hjá umbjóðendum FA, sbr. þingmál 972 á 150. löggjafarþingi sem varð að lögum nr. 112/2020. Það er einlægur vilji stjórnvalda að takast megi að nýta færar leiðir hins formlega skólakerfis og aðila á almennum fræðslumarkaði í þágu atvinnuleitenda á samdráttartímum.

Fyrir hönd ráðherra


Agnes Guðjónsdóttir


Jóhann Þorvarðarson

Fylgiskj.: Styrktarbréf til Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, viðaukasamningar við Háskólann í Reykjavík og Tækniskólann.